

## LÖG

### um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist, nr. 110/2016 (framlenging gildistíma o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „útgefendum hljóðrita“ í 1. gr. laganna kemur: og eftir atvikum þjónustuaðila.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Þjónustuaðili*: Sá aðili sem veitir útgefanda hljóðrita þjónustu og sækir um endurgreiðslu fyrir hans hönd.

3. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. er þjónustuaðila heimilt að sækja um endurgreiðslu hluta kostnaðar sem fellur til við hljóðritun hér á landi. Í umsókn skal tilgreina áætlaðan útgáfudag og skal hann vera innan hæfilegra marka frá þeim tíma sem sótt er um endurgreiðslu. Nefnd skv. 2. mgr. 4. gr. metur í hverju tilviki fyrir sig hvað teljast hæfileg tímamörk í þessu sambandi.

4. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um hvaða kostnaður telst endurgreiðsluhæfur.

5. gr.

Í stað ártalsins „2022“ í 2. másl. 1. mgr. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: 2027.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 2022.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Lilja D. Alfreðsdóttir.*